

Landsvirkjun
Albert Guðmundsson
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

2008100026
6100; 9310

Reykjavík, 5. febrúar 2009
/--

Efni: Rannsóknaboranir í Gjástykki, Þingeyjarsveit, ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Landsvirkjunar að matsáætlun um Rannsóknaboranir í Gjástykki, Þingeyjarsveit.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Landsvirkjunar dags. 8. desember 2008 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Rannsóknaboranir í Gjástykki, Þingeyjarsveit. Landsvirkjun og Mannvit verkfræðistofa. Desember 2008.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Þingeyjarsveit, Ferðamálastofu, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Orkustofnun og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Þingeyjarsveit með bréfi dags. 13. janúar 2009, Ferðamálastofu með bréfi dags. 12. janúar 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 20. janúar 2009, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 16. janúar 2009, Orkustofnun með bréfi dags. 13. janúar 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 13. janúar 2009. Athugasemd barst með tölvupósti 14. janúar 2009 frá Ólafi H. Jónssyni og frá Samtökum ferðaþjónustunnar með bréfi 21. janúar 2009. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 26. janúar 2009.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Landsvirkjunar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi Landsvirkjunar dags. 26. janúar 2009 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi

Í kafla 3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um framkvæmdina. Í frummatsskýrslu þarf að lýsa framkvæmdum sem fram hafa farið, t.d. lagfæring á bíslóðum og nýjum slóðum ef þær hafa verið lagðar t.d. við borun á grunnvatnsholum. Koma þarf fram úr hvaða borholu fyrirhugað er að dæla kælivatni.

Framkvæmdasvæði og kostir

Í kafla 3.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um staðsetningu borteigs. Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi um aðra valkosti í staðsetningu borteigs og kanna hvort unnt sé að hafa borteig utan við hraun frá Kröflueldum, til að forðast rask á hrauninu eins og kostur er. Stofnunin telur áhrif af framkvæmdinni á grónu hrauni valdi hugsanlega minna raski á hrauninu sjálfu en væri hún á ógrónu hrauni. Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram sú skoðun að ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu hafi beinst að þessum tiltekna borteig og að ekki sé ráðgert að skoða aðra kosti á staðsetningu hans í frummatsskýrslu.

Skipulagsstofnun vill benda á að eitt af markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum er að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar m.a. með því að skoða mismunandi valkosti. Í ljósi þess vill Skipulagsstofnun benda framkvæmdaraðila á að matsferlið gæti leitt til þeirrar niðurstöðu að draga megi verulega úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar með annarri staðsetningu borplansins en hér er kynnt og lá til grundvallar ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Stofnunin telur því að kanna eigi hvort ekki sé mögulegt að staðsetja borplanið utan (vestan) hraunsins úr Kröflueldum með það markmið að lágmarka frekara rask á hrauninu og hvetur stofnunin til þess að í frummatsskýrslu verði einnig lagður fram sá kostur. Í frummatsskýrslu þarf að vera rökstudd umfjöllun um staðsetningu borteigsins út frá jarðfræðilegum sjónarmiðum og þeim árangri sem vænst er af borun.

Skipulag og leyfi

Í kafla 1.2 er fjallað um matskyldu framkvæmdarinnar og leyfi. Í tillögu að matsáætlun kemur fram að framkvæmdin sé í Þingeyjarsveit en athugasemd barst þess efnis að borteigur GR 03 væri í Skútustaðahreppi þar sem hann væri í landi Reykjahlíðar. Í frummatsskýrslu þarf að vera ljóst í hvaða sveitarfélagi/sveitarfélögum framkvæmdin er, eða greint frá því á hvaða svæði ágreiningur kann að vera um það (mörk eignarlands geta verið önnur en mörk sveitarfélags). Þetta þarf m.a. að vera ljóst m.t.t. þess hver veitir framkvæmdaleyfi fyrir einstökum þáttum framkvæmdarinnar, bæði gerð borplans og hugsanlega lagfæringar á bíslóð/vegaframkvæmd. Í kafla 3.1 kemur fram að lagfæring á bíslóðinni, sem er meðfram girðingunni, hafi farið fram að tilstuðlan Þingeyjarsveitar en samkvæmt teikningu 1 í tillögu að matsáætlun er slóðin a.m.k. á köflum í Skútustaðahreppi.

Í kafla 4.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um stöðu skipulags og kemur fram að unnið sé að gerð aðalskipulags Þingeyjarsveitar. Bent er á að aðalskipulagið fellur undir lög um umhverfismat áætlana og telur Skipulagsstofnun æskilegt að frummatsskýrsla verði auglýst samhliða auglýsingu aðalskipulagsins. Gangi það ekki eftir þá leggur stofnunin áherslu á að framkvæmdaraðili og sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hafi samráð. Með því má fá fram betri samnýtingu gagna og upplýsinga og komast hjá tvíverknaði við matsvinnu.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Í kafla 5 í tillögu að matsáætlun er áætlun um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun tekur undir kröfur Umhverfisstofnunar, sem rökstudd er með umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, þar sem segir:

„Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að lagt verði heildstætt mat á verndargildi Gjástykkis, því að gera má ráð fyrir að gefnum ákveðnum forsendum munu rannsóknaholur í Gjástykki verða nýttar sem vinnsluholur. Því verður að líta þannig á að hér sé um að ræða upphaf varanlegrar mannvirkjagerðar í Gjástykki og því eigi nú að leggja mat á verndargildi svæðisins.“... „Stofnunin telur að ekki eigi að meta verndargildi ákveðinna svæða með því að slíta einstakar jarðmyndanir úr samhengi eins og lagt er til að gert verði í tillögu að matsáætlun. Umhverfisstofnun telur að sú aðferðarfræði sem notuð er til að ákvarða verndargildi í tillögu að matsáætlun falli ekki að þeim hugmyndum sem fram koma í Náttúruverndaráætlun 2004-2008 en þar segir m.a.: á bls 29-30: "Náttúrulegar landslagsheildir á Íslandi endurspeglu gjarnan ferli í mjög stórum mælikvarða, einkum tengd jarðskorpuhreyfingum og eldvirkni.....Þessi staðreynd, að viðbættu því hvað landið hér er opið og víðsýni mikið, gerir það enn brýnna en ella að taka frá stórar svæðisheildir til verndunar meðan enn er til þess svigrúm."“

Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf að koma fram hver séu talin áhrif framkvæmdarinnar á tillögu Umhverfisstofnunar til umhverfisráðherra um svæði sem skuli undirbúa til friðlýsingar vegna mikils verndargildis, einkum vegna jarðmyndana, landmótunarferla (s.s. eldvirknisprungna og gliðnunar), landslags, útivistar og fræðslugildis. Fjalla þarf um framkvæmdina í ljósi þess að hún er á svæði sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og að ekki liggur fyrir hvort framkvæmdarinnar sé þörf, sem er forsenda í svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum. Einnig þarf að fjalla um áhrif framkvæmdarinnar á verndargildi svæðisins, áhrifsvæði Kröfluelda, í ljósi þess að rannsóknarsvæðið sem fyrirhugað er að fara með mannvirkjagerð inn á nær 4-5 km til norðurs og suðurs frá fyrirhuguðum borstað.

Í kafla 5.4.1 í tillögu að matsáætlun er m.a. fjallað um áhrif á menningarminjar. Í frummatsskýrslu þarf í tengslum við mat á áhrifum hugsanlegrar efnistöku við vegslóðina norðan Gæsafjalla að gera grein fyrir hvort efnistakan kunni að hafa áhrif á leifar gamallar leiðar við norðausturhorn Gæsafjalla.

Í kafla 5.4.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um landslag. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um efnistöku vegna lagfæringar á aðkomuvegi og gerðar borteigs og áhrif efnistökkunnar á landslag og einnig um áhrif lagfæringar á vegslóðinni og gerðar borteigsins á landslag.

Skipulagsstofnun vill benda á að við mat á áhrifum á landslag þarf að horfa til gildis þess svæðis sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar á og þar þarf m.a. að leggja til grundvallar matinu það sem bent er á í umsögn Umhverfisstofnunar, sem m.a. byggir á álitum Náttúrufræðistofnunar, um verndargildi Gjástykkis. Skipulagsstofnun telur, m.a. í samræmi við ábendingar í umsögn Orkustofnunar, að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir frágangi á borteigum ef holurnar koma ekki til með að nýtast sem vinnsluholur. Þar á Skipulagsstofnun við frágang sem miðar eins og kostur er að því að ummerki vegna borana verði fjarlægð (aðflutt efni í borteiginn og borkjallari yrði fjarlæggt) en að ekki verði einungis gert ráð fyrir hinum hefðbundna frágangi sem felst í um 3000 m² sléttuðu, malarbornu plani með kúluhúsi sem í mörgum tilfellum fellur illa að umhverfi.

Í kafla 5.4.5 í tillögu að matsáætlun er fjallað um landnotkun. Áhrif á ferðamenn eru talin tímabundin á meðan á framkvæmdum stendur. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram hvenær ársins og hve lengi gert er ráð fyrir að borholur séu í blæstri, sjónrænum áhrifum af gufustrókum þegar holur blása og áhrifum af hávaða sem þá verður. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á ferðaþjónustu á svæðinu, nú og til framtíðar sbr. það sem kemur fram í umsögn Ferðamálastofu um að framkvæmdin verði á svæði sem ferðaþjónustuaðilar á Norðausturlandi hafa borið væntingar til vegna nýtingar- og afþreyingarmöguleika ferðamanna í framtíðinni. Gera þarf grein fyrir niðurstöðum samráðs við hagsmuna- og fagaðila á sviði ferðaþjónustu, svo sem Ferðamálastofu, um hugsanleg áhrif (jálkvæð/neikvæð) rannsóknaborananna á ferðamenn/ferðaþjónustu.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Þingeyjarsveit, Ferðamálastofa, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Orkustofnun og Umhverfisstofnun. Ólafur H. Jónsson og Samtök ferðaþjónustunnar.

Rut Kristinsdóttir